

**Nd.**

**137. Frumvarp til laga**

[49. mál]

um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

Samhljóða þskj. 52 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því, hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi.

3. gr. hljóðar svo:

Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.

Starfsmenn, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara í minna en  $\frac{1}{2}$  starf, eða ráðnir sky. samningum stéttarfélaganna og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skal ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða. Setning í stöðu skal vera til ákveðins tíma.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðningarnefnd ríkisins skipa þrjú menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.

Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvor varamann.

9. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ráðningarbréf, sem öllum stofnunum ríkisins er skylt að nota við ráðningu starfsmanna, sem ráðnir eru í hálfstarf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum og eigi eru skipaðir.

Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.

10. gr. hljóðar svo:

Semja skal árlega skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem ákvæði 1. mgr. 3. gr. taka til og ráðnir eru í hálfstarf eða meira með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Fjármálaráðuneytið sér um gerð þessarar skrár, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi.